

Að lifa við langtímafátækt: Samtvinnun og ójöfnuður

GUÐNÝ BJÖRK EYDAL, prófessor við Félagsráðgjafardeild HÍ

JÓHANNA FREYJA ÁSGEIRSDÓTTIR, félagsráðgjafi Landspítala háskólasjúkrahúsi

ÚTDRÁTTUR: Hérlandis hefur skapast góð þekking á umfangi fátæktar í kjölfar reglulegra lífskjarakannana Hagstofu Íslands og rannsókna á stöðu ýmissa hópa í samfélaginu. En þrátt fyrir öflugar meginlegar rannsóknir á umfangi fátæktar þá er enn takmörkuð þekking hérlandis á viðhorfum og upplifun fólks sem býr við fátækt. Rætt var við tvær konur sem greindu frá lífssögu sinni en báðar lentu í stöðu sem gerði þeim ókleift að afla atvinnutekna og þær lýsa áratuga baráttu við fátækt og velferðarkerfi sem þær telja að hafi að takmörkuðu leyti tekið tillit til þarfa þeirra. Þær lýsa skorti á stuðningi í erfiðri lífsbaráttu og þær upplifðu bæði fordóma og skömm. Þá greina þær frá bjargráðum sem þær hafi fundið í starfi með hjálparsamtökum og hvernig þátttaka þar breytti stöðu þeirra og lífsgæðum umtalsvert. Stuðst er við sjónarhorn Crenshaw (1989) um samtvinnun og því beitt til að öðlast skilning á hvernig fjölbreyttir áhrifaþættir tvinnast saman í lífi viðmælenda og hvernig fátæktin magnar upp ójöfnuð og félagslega einangrun.

LYKILORÐ: Fátækt, lífssaga, upplifun, samtvinnun, stuðningur, þriðji geirinn

English title: Lived poverty: Intersectionality and inequalities

ABSTRACT: In Iceland, substantial knowledge has developed regarding the scope of poverty in contemporary society, largely due to regular living-standard surveys conducted by Statistics Iceland and research on the conditions of various social groups. Despite extensive quantitative research on the prevalence of poverty, knowledge remains limited concerning the attitudes and lived experiences of people facing poverty. Two women were interviewed who recounted their life stories; both had encountered circumstances that made it impossible for them to earn an income, and they described decades-long struggles with poverty and a welfare system that they felt only partially met their needs. They reported a lack of support in the face of significant life challenges and described experiences

of stigma and shame. They also discussed the coping strategies they developed through engagement with charitable organizations and how participation in such initiatives substantially improved their circumstances and quality of life. The analysis draws on Crenshaw's (1989) framework of intersectionality to understand how diverse factors intertwine in the participants' lives and how poverty amplifies the inequalities and social isolation.

KEYWORDS: Poverty, life history, lived experience, intersectionality, support, third sector

Inngangur

Talsverð þekking liggur fyrir hérlendis á umfangi fátæktar og samkvæmt rannsóknum Hagstofu Íslands má áætla að tugir þúsunda búi við fátækt (Halldór S. Guðmundsson o.fl., 2023). Þrátt fyrir umfangsmiklar rannsóknir á umfangi fátæktar hafa fáar rannsóknir beinst að reynslu fólks af því að búa við langvarandi fátækt og því var ákveðið að framkvæma rannsókn sem hefði það að markmiði að öðlast innsýn og skilning á reynslu fólks af lifaðri fátækt. Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnar Samfylkingar, Viðreisnar og Flokks fólksins frá 2024 er kveðið á um að grípa eigi til aðgerða til að uppræta fátækt (Stjórnarráð Íslands, 2024) og því mikilvægt að læra af fólki sem býr við fátækt til að öðlast skilning á þeim margvíslegu áskorunum það tekst á við.

Rannsóknarspurningin er: Hver er reynsla og upplifun af því að búa við langvarandi fátækt? Til að öðlast heildrænan skilning á reynslu og stöðu viðmælenda var ákveðið að nota lífssöguaðferð, þar sem áhersla er lögð á að viðmælendur segi sína sögu og skilgreini hvað þeim finnst mikilvægt að komi fram um sína reynslu og upplifun. Lífssöguaðferðin er vel til þess fallin að fá heildarmynd af aðstæðum og hvernig úrræði hafa nýst og hún er því vinsæl aðferð til að fanga reynslu fólks sem býr við krefjandi aðstæður. Tekin voru viðtöl við tvær konur sem báðar hafa langa reynslu af því að framfleyta sér og fjölskyldu sinni á leigumarkaði af lágum tekjum. Einnig var lögð áhersla á virka þátttöku viðmælenda í greiningu viðtala til að tryggja að rannsakendur færu rétt með sögur þeirra.

Að loknum inngangi er fjallað um stuttlega um stöðu þekkingar varðandi umfang fátæktar hérlendis og þær niðurstöður bornar saman við mælingar í nokkrum nágrannalöndum okkar. Í greininni er stuðst við sjónarhorn Crenshaw (1989) þar sem lögð er áhersla á samtvinnun áhrifaþátta til að öðlast skilning á samspili þeirra og hvernig fátæktin magnar upp ójöfnuð og félagslega einangrun í lífi viðmælenda. Auk almennrar umfjöllunar um sjónarhornið er einnig gerð grein fyrir hvernig því hefur verið beitt í rannsóknum hérlendis.

Að því búnu er fjallað um niðurstöður og í þeim er gerð grein fyrir lífssögum viðmælenda með áherslu á reynslu þeirra og upplifun af fátækt. Lögð er áhersla á að í niðurstöðukafla eigi viðmælendur orðið, þeir eru sérfræðingar í eigin lífi og hlutverk rannsakanda er að miðla þeirra sögu. Til að tryggja að saga þeirra skili sér eins og hún var sögð tóku viðmælendur virkan þátt í greiningu gagnanna og þeir hafa báðir lesið yfir greinina tvisvar sinnum. Í umræðukafla er rætt um niðurstöður viðtalsrannsóknar með hliðsjón af sjónarhorni Crenshaw og stöðu þekkingar auk þess sem rætt er um þýðingu þeirra fyrir stefnumótendur og þjónustu við fólk sem býr við fátækt.

Fátækt á Íslandi og sjónarhorn samtvinnunar

Hagstofa Íslands hefur tekið þátt í lífshjararannsókn Evrópusambandsins frá árinu 2004 og því liggja fyrir umfangsmikil talnagögn um fjölda þeirra Íslendinga sem á hverjum tíma búa við tekjur sem eru undir svokölluðum lágtekjumörkum (e. at risk of poverty). Þau byggja á afstæðri skilgreiningu á fátækt, en samkvæmt henni lendir fólk sem hefur tekjur sem eru undir miðgildi tekna allra undir lágtekjumörkum. Hver fjölskyldumeðlimur fær ákveðið gildi og reiknaðar eru út ráðstöfunartekjur. Kosturinn við slíka afstæða skilgreiningu er að það er auðvelt að nálgast slíkar upplýsingar en slíkar skilgreiningar hafa verið gagnrýndar fyrir að veita eingöngu upplýsingar um hversu mörg eru með

tekjur undir ákveðnum mörkum, en ekki um hvort fólk býr við raunverulega fátækt (Stefán Ólafsson og Guðný Björk Eydal, 2012; Halldór S. Guðmundsson o.fl., 2023). Til að mæta slíkri gagnrýni hefur Evrópusambandið því einnig lagt áherslu á að mæla félagslega einangrun og fjölda þeirra sem búa við skort á ákveðnum gæðum (Eurostat, 2025).

Ef lítið er eingöngu til þeirra sem mælast undir lágtekjumörkum þá sýna mælingar Hagstofu að það er að jafnaði 10% þjóðarinnar, sem er nokkuð stór hópur, eða tæplega 40.000 manns. Ákveðnir hópar hafa mælst í meiri hættu á að lenda undir lágtekjumörkum en aðrir, einkum heimili með einn fullorðin einstakling, bæði þegar fólk býr eitt og eins þegar um er að ræða einhleypta foreldra með börn, fólk sem býr í leiguhúsnæði og fólk með veika atvinnustöðu. Ef Ísland er borið saman við önnur Evrópulönd kemur í ljós að héraendis er hlutfall þeirra sem búa við slík kjör mun lægra en víðast gerist.

Tafla 1. Lágtekjuhlutfall, hlutfall fólks með tekjur undir 60% af miðgildi tekna, 2015, 2020, 2024

	2015	2020	2024
Meðaltal 27 Evrópuríkja	17.4	16.7	16.2
Danmörk	12.2	12.1	11.6
Finland	12.4	12.2	12.6
Ísland	9.2	8.8	*
Noregur	11.9	12.7	11.6
Svíþjóð	16.3	16.1	14.8
Spánn	22.1	17.7	19.6
Þýskaland	16.7	16.1	15.5

*Nýjustu tölur fyrir Ísland á vef Eurostat eru frá árinu 2020.

(Eurostat, e.d.).

Halldór S. Guðmundsson o.fl. (2023) hafa unnið samskonar mælingar með skráargögnum og fá nokkuð herra hlutfall en fæst með úrtakskönnun Hagstofu eða um 13.5%. Því má ætla að það séu jafnvel enn fleiri sem búi við tekjur undir lágtekjumörkum en ofangreindar niðurstöður benda til. Hið lága hlutfall Íslands skýrist fyrst og fremst af háu atvinnustigi. Hér er atvinnuleysi mun lægra en víðast hvar, eftirspurn eftir vinnuafli mikil og aðflutningur fólks því verið umtalsverður á umræddu tímabili. Halldór Guðmundsson o.fl. (2023) hafa bent á að mikilvægt sé að hafa í huga að stórir hópar héraendis hafi tekjur sem séu rétt yfir lágtekjumörkum og líklegt sé að þeir hópar búi oft við mjög þröng kjör sökum lágra tekna. Húsnæðismarkaður héraendis hefur einkennst af mikilli eftirspurn eftir leiguhúsnæði, m.a. vegna aðflutts vinnuafis og þjónustu við ferðafólk og þar af leiðandi af mjög hárrí húsaleigu (Húsnæðis- og mannvirkjastofnun, e.d.). Þá hafa hækkanir á verðlagi verið miklar og því ljóst að róðurinn hefur þyngst fyrir þau heimili sem hafa tekjur undir og við lágtekjumörk.

Rannsóknarstofnun vinnumarkaðarins, Varða, hefur unnið reglulegar rannsóknir sem ætlað er að varpa ljósi á stöðu fólks á vinnumarkaði og fatlaðs fólks. Í rannsókn sem náði til félaga í ASÍ og BSRB kom fram að fjórir af hverjum tíu eiga erfitt með að ná endum saman og 11% félaga búa við skort á tilteknum efnislegum gæðum. Fjórir af hverjum tíu gátu ekki mætt óvæntum 80.000 kr. útgjöldum án þess að stofna til skulda. Andleg heilsa mælist slæm hjá 30% félaga en hún er verst meðal einhleypra mæðra og ungra kvenna (Varða, 2024). Varða vann einnig sérstaka rannsókn meðal fatlaðs fólks og í henni kom meðal annars fram að þriðjungur viðmælenda bjó við efnislegan skort, eins og hann er skilgreindur í lífskjarakönnun Hagstofu Íslands og tveir af hverjum tíu bjuggu við verulegan efnislegan skort (sárafatækt). Fjórir af tíu gátu ekki keypt nauðsynlegan klæðnað né næringarríkan mat og átta í erfiðleikum með að kosta tómsundur barna sinna og/eða gefa þeim afmælis- og jólagjafir. Helmingur hafði ekki efni á að taka þátt í félagslífi og sex af tíu fundu mikið eða mjög mikið fyrir félagslegri einangrun og sjö af tíu töldu sig búa við slæma andlega heilsu. Þá sýndi rannsóknin að verst er staða einhleypra foreldra með örorku- eða endurhæfingarlífeyri. Til dæmis

kom fram að af hverjum tíu einhleypum mæðrum voru níu sem ekki gátu mætt óvæntum útgjöldum að upphæð 80.000 kr. án þess að stofna til skulda og fjórðungur þeirra hafði sótt um matargjafir hjá hjálparsamtökum (Varða, 2023).

Í rannsókn á stöðu öryrkja á húsnæðismarkaði kom fram að dæmi væru um að 75% af tekjum fólks færi til að greiða húsnæðiskostnað (Ásdís Aðalbjörg Arnalds og Sindri Baldur Sævarsson, 2022). Þá hafa verið unnar skýrslur um stöðu fleiri hópa (sjá t.d. Ásdís A. Arnalds o.fl., 2012). Hérlandis hafa einnig verið framkvæmdar viðtalsrannsóknir, á reynslu og upplifun barna sem búa við fátækt (Hervör Alma Árnadóttir og Soffía Hjördís Ólafsdóttir, 2019) og einnig var unnin mjög umfangsmikil eigindleg rannsókn um samspil fátæktar og fötlunar (James Rice og Rannveig Traustadóttir, 2011), sem veita mikilvæga innsýn í reynslu af fátækt.

Eins og sjá má glögglega á töflu 1 þá hefur ekki tekist að uppræta fátækt meðal ríkra Evrópuþjóða, þrátt fyrir margvíslegar aðgerðir stjórnvalda og áætlanir Evrópusambandsins sem hafa lagt áherslu á að draga úr efnahagslegri fátækt og félagslegri einangrun (European Parliament, e.d.). Á liðnum árum hefur áhersla á að framkvæma rannsóknir meðal fólks sem býr við fátækt aukist þar sem áhersla er lögð á að læra af því. Tilgangurinn með því að afla þekkingar á lifaðri fátækt (e. lived poverty) er að öðlast skilning á flóknu samspili áhrifaþátta til að geta nýtt þekkinguna til að vinna gegn fátækt og veita þeim sem við hana búa betri tækifæri til að efla lífsgæði sín (Bogani Makhanya, 2024; Hingley-Jones o.fl., 2023; Reeves o.fl., 2020; Wehlan, 2023).

Áhersla á mikilvægi þess að skoða samtvinnun ólíkra áhrifaþátta, það sem Þorgerður Þorvaldsdóttir (2017) hefur lýst sem margfaldri minnihlutastöðu, á ójöfnuð hefur lengi verið fyrir hendi. Áhersla kynjafræði á mikilvægi þess að greina áhrif kyns, stéttar og uppruna á stöðu kvenna var orðin viðtekin, sérstaklega í starfi og rannsóknnum með konum af afrískum eða latneskum uppruna (Atewologun, 2018, Collins, 1985), þegar hugtakið samtvinnun (e. intersectionality) var fyrst notað af Crenshaw (1989). Crenshaw var lögfræðingur fyrir fimm svartar konur sem hafði verið vikið úr starfi hjá fyrirtækinu General Motors. Crenshaw vildi meina að konunum hefði verið sagt upp vegna uppruna þeirra en þá bentu atvinnurekendurnir á að það væru mjög margir svartir menn að störfum í fyrirtækinu. Þá skoðaði Crenshaw hvort um væri að ræða mismunun vegna kyns, en sömu rökum var beitt að það væri stór hópur kvenna í starfi hjá fyrirtækinu og því væri ekki um slíkt að ræða að ræða. En þá áttaði Crenshaw sig á því að það var í raun samtvinnun þessara tveggja þátta sem var þess valdandi að konunum hafði verið sagt upp og dómstólar féllust á þessi rök. Í framhaldi af þessu skrifaði Crenshaw greinar þar sem hún kynnti hugtakið samtvinnun sem tæki til þess að skoða og greina samspil áhrifaþátta þegar um margþætta mismunun væri að ræða. Slíkt sjónarhorn, sem leggur áherslu á samspil áhrifaþátta, félagslegan ójöfnuð og valdamun fellur mjög vel að kenningum, aðferðum og siðareglum félagsráðgjafar þar sem áhersla er lögð á að mæta fólki þar sem það er statt hverju sinni og beita heildarsýn í starfi með því, auk áherslu á róttæka samfélagsvinnu (Healy, 2022). Hugmyndin um samtvinnun hefur tekið á sig ýmsar myndir, stundum sem hugtak, en einnig sem kenning, sjónarhorn eða jafnvel aðferð (Collins, 2015; Statham, 2022) og er notað í fjölmörgum fræðigreinum til að fást við fjölbreytileg viðfangsefni t.d. áhrif mismununar á stöðu á vinnumarkaði og sjálfsmynd (Atewologun, 2018). Collins (2015) varar við því að hugtakið samtvinnun sé skilgreint með einhverjum endanlegum hætti, þar sem það liggir í hlutarins eðli að því sé ætlað að ná yfir samtvinnun ólíkra þátta eftir því hvert sjónum sé beint.

Sjónarhorn samtvinnunar hefur reynst mikilvægur efniviður í kenningarramma í rannsóknum á lifaðri fátækt, þar sem lögð er áhersla á að skilja sem flesta áhrifaþætti og hvernig þeir hafa áhrif hver á annan (Blaikie o.fl., 2024; Saatcioglu o.fl., 2014; Statham, 2022; Vohra-Gupta o.fl., 2024). Slíkur skilningur á samtvinnun áhrifaþátta er nauðsynleg forsenda þess að hægt sé að mæta fólki með úrræðum og stuðningi við hæfi (Bixby, 2024; Corus o.fl., 2016). Hér er samtvinnun beitt sem sjónarhorni til að varpa ljósi á sögu tveggja kvenna sem hafa búið við fátækt til lengri tíma og hvernig áföll, félagsleg staða, skortur á stuðningi, valdleysi og áhrif fátæktar tvinnast saman í lífi þeirra.

Eins og áður var nefnt hafa áherslur kynjafræðinnar lagt grunn að rannsóknum á áhrifum sam-

tvinnunar og hérlendis hefur hugtakið verið einkum notað í rannsóknum sem varpa ljósi á réttindabaráttu kvenna. Íris Ellenberger (2016) reið á vaðið og rannsakaði samtvinnun réttindabaráttu samkynhneigðra og kvennahreyfingarinnar. Íris segir kenningar um samtvinnun „afhjúpa hvernig félagslegir flokkar, eins og kynþáttur, kyngervi, þjóðerni, fötlun, kynhneigð o.fl. auk kerfis kúgunar þeim tengd, fléttast saman, skarast, kallast á og móta hvern annan“ (Íris Ellenberger, 2016, bls. 11). Íris leggur áherslu á að ekki sé eingöngu um að ræða einfalda samlagningu áhrifaþátta og vísar til Þorgerðar Þorvaldsdóttur (2014) sem bendir á hvernig þeir haft áhrif hver á annan og þannig geti skapast ákveðin margfeldis áhrif. Þorgerður birti einnig grein árið 2017 þar sem hún fjallar sérstaklega um hugtakið samtvinnun og beitir því í rannsókn sinni á kosningarétti kvenna, með áherslu á þær konur sem ekki fengu að kjósa vegna fátæktar. Þorgerður leggur áherslu á að listinn yfir það sem hér er kallað áhrifaþættir, en mörg kalla mismununarbreitur, sé í sífelldri sköpun og taki mið af aðstæðum hvers og eins, „það hvaða ásar eru settir í forgrunn er ... breytilegt í tíma og rúmi enda má færa fyrir því gild rök að virkni einstakra þátta sé ólík eftir samfélagsskipan á hverjum stað og hverjum tíma“ (Þorgerður Þorvaldsdóttir, 2017, bls. 81). Kristín Björnsdóttir og Ásta Jóhannesdóttir skrifuðu grein um mikilvægi þess að huga að stöðu fatlaðs fólks á tímum hamfara og byggja á Lykke (2010) þegar þær vísa til samtvinnunar sem fræðilegs verkfæris sem sé viðtekið að nota í rannsóknum í fötlunarfræði sem „greinir valdamismunun í samfélaginu og skoðar hvernig mismununarbreitur á borð við kyngervi, fötlun og hörundslit tengjast og í sameiningu stuðla að því að skapa og viðhalda félagslegu misrétti“ (Kristín Björnsdóttir og Ásta Jóhannesdóttir, 2021, bls. 75). Auk hinna félagslegu áhrifaþátta ræða Kristín og Ásta einnig um mikilvægi umhverfisþátta, sem staðfesta mikilvægi þess sem Þorgerður Þorvaldsdóttir (2017) benti á, það er að listinn yfir áhrifaþætti tekur alltaf mið af aðstæðum og viðfangsefni. Þó hugtakið og kenningar um samtvinnun hafi sett svip á rannsóknir á fátækt og félagslegum aðstæðum fólks, hafa íslenskar rannsóknir á sviði fátæktar ekki beitt sjónarhorni samtvinnunnar eftir því sem höfundar komast næst.

Aðferð og framkvæmd

Lífssöguviðtöl (e. life story interviews) voru valin umfram hefðbundin eigindleg viðtöl þar þau veita betri möguleika á að öðlast dýpri skilning á samspili áhrifaþátta og reynslu viðmælenda af lifaðri fátækt, þar sem lögð er áhersla á að gefa viðmælenda nægan tíma til að segja sögu sína. Með því að beita lífssöguaðferð gefst því svigrúm fyrir viðmælenda til að ræða fjölbreytta áhrifaþætti og lífshlaupið, æsku og uppeldi, hvernig viðkomandi tókst á við fullorðinsár, hvernig aðstæður hafa skapað möguleika og hindranir og hvernig viðmælendi hefur upplifað og skilgreint stöðu sína á hinum ýmsu æviskeiðum. Atkinson (1998) bendir á að fólki sé tamt að miðla merkingu í söguformi og því henti þessi aðferð fólki oftast vel til að miðla reynslu sinni og sýn á eigið líf. Síðast en ekki síst þá er þessi aðferð valdeflandi fyrir þátttakendur sem eru sérfræðingar í eigin lífi, því þeir miðla sögu sinni á eigin forsendum til rannsakanda, en þurfa ekki að laga hana að fyrir framgefnum viðtalsvísnum eða spurningalistum. Þessi aðferð hefur verið miðlæg í rannsóknum á aðstæðum einstaklinga sem eru jaðarsettir (Lanford o.fl., 2019; Sosulski o.fl., 2010). Ferrari og félagar (2017) hafa einnig bent á kosti þess að nota sjónarhorn samtvinnunnar og lífssöguaðferð til að öðlast betri skilning á hvernig samfélagsleg öfl hafa áhrif á daglegt líf og reynslu fólks. Þeir leggja áherslu á að þótt líf fólks mótist - og einkennist oft - af kúgandi kerfum, sýni það jafnframt gerendahæfni og mótsþyrnu sem þessi aðferð nái að fanga. Westberg og félagar (2024) eru annað dæmi um rannsakendur sem þætta saman sjónarhorn samtvinnunar og frásagnar aðferð, en þau leggja áherslu á að fanga áhrif félagslegrar stöðu á sjálfsmynd. Í þessari rannsókn hafa verið tekin lífssöguviðtöl með það að markmiði að varpi ljósi á reynslu viðmælenda og upplifanir af því að hafa búið við viðvarandi fátækt en sjónarhorni samtvinnunar er beitt í umræðukafla til að auka skilning á lífssögum þátttakenda.

Höfundar hafa hvorugur eigin reynslu af fátækt, en hafa báðir unnið með fólki sem býr við fátækt. Þeir funduðu með viðmælendum, ræddu um reynslu þeirra af fátækt og kynntu rannsóknina fyrir þeim. Eftir að konurnar tvær höfðu samþykkt að taka þátt, undirrituðu þær upplýst samþykki

fyrir þátttöku í rannsókninni. Viðtölin voru tekin á heimilum viðmælenda í september 2024 og tekin voru tvö viðtöl, sem voru 90-120 mínútur hvert viðtal, við hvorn viðmælenda um lífshlaup þeirra, upplifun og reynslu af því að búa við langtíma fátækt. Viðmælendur hafa síðan tekið virkan þátt í úrvinnslu gagna, þeir lásu yfir afrituð viðtöl og veittu ábendingar um hvað þeim fannst vanta inn í sögur þeirra. Þeir lásu einnig yfir handrit MA ritgerðar sem unnin var um efnið og þeir hafa lesið handrit þessarar greinar tvívegis og gert ábendingar. Með þessu móti var lögð áhersla á að tryggja réttmæti rannsóknarinnar þar sem viðmælendur hafa rýnt allar niðurstöður og gætt þess að rétt sé farið með sögur þeirra (Katrín Blöndal og Sigríður Halldórsdóttir, 2021). Í upphaflegri greiningu viðtalanna var stuðst við líkan Riessman (2008), þar sem rannsakandinn setur frásögn í tímaröð, ber kennsl á aðalatriði og tryggir að túlkun endurspegli upplifun þátttakenda. Að því loknu hófst handvirk kóðun þar sem efni viðtalanna var stýtt og tengt við rannsóknarspurningu og markmið. Kóðun var framkvæmd frá botni og upp (e. bottom up) og borin kennsl á þemu (Anderson og Kirkpatrick, 2016). Við kóðun var tekið mið af nálgun Denzin (1989), þar er áhersla á tímamót og vendipunkta í lífi þátttakenda sem hafa mótandi áhrif á reynslu þeirra. Í meðfylgjandi greiningu er lögð áhersla á lífshlaup viðmælenda, reynslu þeirra og upplifun af fátækt. Í greininni eru konunum gefin gervi-nöfnin Arndís og Ebba.

Niðurstöður

Hér er greint frá lífshlaupi Arndísar og Ebbu með áherslu á þá þætti sem varpi ljósi á hvernig það atvikaðist að þær urðu fátækar, reynslu þeirra og upplifanir af því að hafa búið við viðvarandi fátækt.

Barnæska og uppeldisaðstæður

Arndís og Ebba ólust upp við ólíkar félagslegar aðstæður, á sitt hvoru landshorninu. Heimili þeirra voru ekki efnaheimili en hvorug upplifði efnislegan skort eða fátækt í uppvextinum. Að öðru leyti voru uppeldisaðstæður þeirra um margt ólíkar, í fjölskyldu Arndísar var viðvarandi áfengisvandi og hún upplifði vanrækslu. Ebba varð fyrir kynferðislegu ofbeldi sem barn og hún bjó við viðvarandi ofbeldi, bæði líkamlegt og andlegt og auk tilfinningalegrar vanrækslu móður. Báðar lýsa þær litlu eða brotnu sambandi við mæður sínar. Þær rekja ástæður þess til geðrænna erfiðleika mæðra sinna og þær lærðu báðar snemma að setja traust á aðra umönnunaraðila. Einnig báru þær báðar mikla ábyrgð á umönnun yngri systkina.

Arndís telur að hún hafi brugðist við tilfinningalegri vanrækslu heima fyrir með því að verða snemma mjög sjálfstæð og fara eigin leiðir. Skólaganga Arndísar gekk í fyrstu vel. Hún var félagslega sterk, þrátt fyrir að verða fyrir stríðni í grunnskóla vegna útlits og líkamsárása stráka sem stríddu henni fyrst þegar hún var fimm eða sex ára- sem endurtóku sig við tólf ára aldur. Henni gekk vel í námi allt þar til í framhaldsskóla þegar hún fann ekki lengur samastað í hópnum og upplifði félagslega útilokun. Arndís missti góðan vin og byrjaði að drekka í kjölfarið. Hún segir það hafa verið áfall þegar hún fór að sjá föður sinn í nýju ljósi eftir að hún hóf sjálf neyslu, „...þá fattaði ég hvað pabbi var í rauninni ömurlegur. Hvað þetta var allt óeðlilegt. Þegar maður hefur ekki samanburðinn þá heldur maður að ástandið sé eðlilegt. Þannig að þá svona kemur þessi skellur og þá kannski kemur eiginlega áfallið...svólítið eins og heimurinn hryndi. Pabbi minn var ekki þú veist þessi fullkomni maður sem ég hafði haldið að hann væri.“ Arndís endaði á að skipta um skóla og lauk stúdentsprófi.

Skólaganga og æska Ebbu litaðist af afleiðingum af því þegar hún var beitt kynferðislegu ofbeldi. Ebba segir: „Ég hætti að læra, ég nennti ekkert að læra. Það fóru heilu bækurnar fram hjá mér í skól-anum sem ég lærði ekki neitt úr ... Ég held að ég hafi verið orðin 10 ára en kunni samt ekki að lesa.“ Ebba hætti námi eftir grunnskóla við 16 ára aldur.

Áföll í æsku og áhrif þeirra hafa hlotið æ meiri athygli fræðafólks þar sem þau hafa margvísleg áhrif á þau sem fyrir verða (Fan o.fl., 2025). Áföllin sem Arndís og Ebba urðu fyrir, lítil tengsl við mæður, áfengisneysla á heimili Arndísar og ofbeldi á heimili Ebbu eru vel þekktir áhrifaþættir á heilsu og velferð barna sem við þá búa. Ebba lýsir einnig skýrt hvernig kynferðislegt ofbeldi hafði

þau áhrif að hún gat ekki stundað grunnskólanám. Í sögum þeirra beggja af æsku og uppeldi tvinnast hér saman margvíslegir þekktir áhættuþættir en hvorug greinir frá að til hafi komið stuðningur fagfólks til að styðja þær í að vinna úr áföllunum eða breyta aðstæðum til hins betra.

Að verða fullorðnar: Hvernig kom fátæktin til?

Arndís náði ekki fótfestu á vinnumarkaði eftir stúdentspróf en hóf sambúð með manni sem var í óreglu og var skuldugur. Hún tók lán til að bjarga fjárhagnum og skuldavandinn vatt upp á sig. Þetta telur hún vera upphaf sinnar fátæktar. Þau fluttu erlendis þar sem allt var ódýrara en fjárhagurinn batnaði ekki, þau eignuðust barn en slitu svo sambúðinni. Arndís flutti heim og var þá skuldug einstæð móðir með barn á leigumarkaði. Hún átti erfitt uppdráttar á vinnumarkaði og andleg heilsa fór versnandi. Hún hóf endurhæfingu, náði nokkrum bata og lagði stund á nám með góðum árangri. Hún tók námslán og fékk endurhæfingarlífeyri en fjármálin voru stanslaus kvíðavaldur. Þegar endurhæfingu lauk var Arndís ekki með fulla starfshæfni og féll aftur af vinnumarkaði. Engin önnur úrræði tóku við, róðurinn þyngdist og áhyggjurnar af fjármálunum voru sligandi. Þær höfðu mjög slæm áhrif á bæði andlega og líkamlega heilsu að mati Arndísar og hún upplifði mikið bakslag. Eftir þetta tímabil fékk hún örorkumat og fékk greiddan örorkulífeyri.

Arndís neitaði lengi að viðurkenna eigin fátækt: „Ég gat aldrei hugsað að ég væri fátæk. Ég var alltaf blönk en þú veist þegar þú hefur 20.000 kr. á reikningnum þínum, þegar þú ert búin að borga allt, ertu þá blankur? Eða ertu kannski fátækur?“ Það var ekki fyrr en Arndís kynnst fólki í sömu stöðu sem hún horfðist í augu við að hún byggi við fátækt.

Ebba kynnst eiginmanni sínum, sem var á fertugsaldri, þegar hún var 16 ára, hætti námi og flutti að heiman. Eiginmaður Ebbu beitti hana, barn þeirra og gæludýr ofbeldi. Ebba ræddi við sína nánustu um að hún vildi skilja en fjölskyldan réði henni frá því og því bjó hún við ofbeldið til margra ára. Ebba bjó við traustan fjárhag en lifði við stöðugan ótta. „Ég var búin að sannfæra sjálfan mig um að ég væri letingi, auðvitað, auðvitað var það þannig vegna þess að ég var bara svo andlega biluð. Ég gat ekki sinnt neinu.“ En að lokum tókst henni að fara frá manningnum með barnið sitt.

Ebba flutti á höfuðborgarsvæðið og dvaldi lengi á geðdeild en meðferð bar lítinn árangur. Hún giftist aftur og eignaðist tvö börn. Hjónabandið gekk ekki vel og eftir að hafa reynt að svipta sig lífi ákvað hún slíta því. „En svo þegar ég fer, þá byrjar fátæktin. Af því að ég var gift honum. Talandi um andlegt ofbeldi þá var hann ljóst og leynt búinn að sjá til þess að ég ætti ekkert. Það var allt á hans nafni.“ Hún hafði aldrei lent í fjárhagserfiðleikum áður og hún lýsir þessu sem miklu áfalli: „...hann skilur mig eftir með ekki neitt. Nema örorkubæturnar mínar, því hann gat ekki tekið þær af mér...Þá kom stóri skellurinn.“ Ebba brást við þessum aðstæðum með því að nota kreditkort til að brúa bilið milli tekna og útgjalda, sem leiddi til mikillar skuldasöfnunar. Ebba lýsir því að það hafi tekið hana ákveðinn tíma að læra að vera fátæk því hún hafi þurft að tileinka sér alveg nýtt hugarfar varðandi fjármálin.

Sögur Arndísar og Ebbu varpa skýru ljósi á hvernig ytri og innri áhrifaþættir tvinnast saman, þó sögur þeirra séu um margt ólíkar. Báðar lýsa þær því hvernig þær enda í þeirri stöðu að hafa misst vinnugetu, búa við viðvarandi vanheilsu með örorkulífeyri sem dugar illa fyrir framfærslu barnafjölskyldu í dýru leiguhúsnæði. Það tók þær báðar nokkurn tíma að átta sig á að þær væru fátæktar og hvað það hefði í för með sér.

Að lifa við viðvarandi fátækt

Með tímanum hafa Arndís og Ebba þróað með sér fjölbreytt bjargráð til að komast af þrátt fyrir fátækt. Þær fóru ýmsar leiðir til að stjórna útgjöldum, nefna báðar að þær hafi skipt í umslög upphæðinni sem þær höfðu til umráða og merktu því sem upphæðin átti að fara í, til að tryggja að þær ættu fyrir öllum reikningum, húsaleiga alltaf í forgangi. Þær nefna báðar að þær hafi alltaf forgangsraðað þörfum barna sinna þannig að þau fyndu sem minnst fyrir fátæktinni. Ebba lýsir því að ef hún þurfti að fresta greiðslum einn mánuðinn þá skipti máli að dreifa skuldinni á hina 11 mánuði ársins

vegna þess að hún var búin að ráðstafa hverri krónu, eða eins og hún orðar það: „Hver króna gat ruglað kerfinu“.

Þær sóttu líka báðar aðstoð þar sem hana var að fá og Ebba segir þetta hafi stundum verið eins og full vinna:

Þetta var bara vinnan manns eiginlega að vera alls staðar með nefið til að komast í eitthvað, fara inn á þessar síður, vera inni á gefins síðunni ef manni vantaði eitthvað þaðan, farið á þessa matarsíður, eltast við mæðró og fjölskylduhjálpinu, kirkjuna, hjálparkokka, fara í peppið og þú veist endalaust. En, á þessu flaut maður ... Við það að fá þetta þá sparaðist í Bónus ferðunum sem varð til þess að ég átti þá kannski frekar fyrir skuldunum. Og þannig á löngum tíma, hægt og rólega, náði ég að vinna mig niður úr því að sjá hvorki botn eða barma fyrir skuldum, yfir í það að kannski skrimta.

Þær lýsa því báðar að það hafi verið þung skref að sækja til hjálparsamtaka og þær segja að það að standa í röð til að fá matargjafir sé með því erfiðasta sem þær hafi gert. Arndís lýsir þessu svona:

Fyrst sótti ég bara svona um jólaúthlutun. En svo neyddist ég til að fara í þessi skipti sem er opið... Þetta er eitt það erfiðasta sem ég hef gert. Ég fór með börnin mín hérna í gegnum það að þau misstu pabba sinn og það er þeirra ömurlegasta skilurðu upplifun og allt það. En ég held að mér hafi eiginlega þótt það auðveldara, að takast á við það heldur en að fara að standa í röð af því ég á ekki pening til að lifa af mánuðinn.

Þær lýsa því að það sé alltaf erfitt að þurfa að þiggja, oft eitthvað sem þær hefðu ekki endilega valið sjálfar, eins og til dæmis matvörur eða jólagjafir fyrir börnin sín. Ebba segir:

Það er ekki gaman að þurfa alltaf að þiggja það, geta aldrei gert það sem þig langaði. En það lærir samt. Þetta var bara ekki í boði, það var bara ekki hægt. Það lærðist og með tímanum þá, þá bara lærðu að lifa svona lífi. Þú þarft að læra það að það er ekki í boði að fara í bíó þegar þig langar. Það er ekki í boði að fara í leikhúsið þegar þig langar. Það er ekki í boði að fara út að borða þegar þig langar og alls ekki það sem þig langar. Þetta var bara ekkert í boði. Þú lifðir ekki þannig lífi.

Þær benda einnig á að þegar börn þeirra urðu 18 ára hafi húsaleigubætur, barnabætur og meðlag skerst eða fallið niður. Ebba segir:

Það er nefnilega miklu stærri skellur heldur en fólk ... gerir sér grein fyrir. Ég fór kannski ekki alveg á sama byrjunarreit og í upphafi, því það var ekkert eins ömurlegt og þá... En það hjó samt nærri því þegar yngsti varð 18 ára.

Sögur Arndísar og Ebbu veita góða innsýn í það flókna verkefni sem líf í fátækt er, nýta þarf öll tækifæri til að fá aðstoð og þær lýsa því hvernig það að leita til hjálparsamtaka var ekki val heldur nauðsynleg forsenda þess að geta brauðfætt fjölskylduna og greitt húsaleigu. Þær tvínnu þær saman öll fáanleg úrræði til að komast af. Þær lýsa því einnig vel hversu erfitt það er að biðja um aðstoð og hvernig fátæktin rænir fólk sjálfþæði og tekur frá því völd yfir eigin lífi, nefna sem dæmi að það er hendin sem gefur sem ákveður hvað verður í matinn eða hvað börnin fá í jólagjöf.

Samtvinnun líðanar og fjárhagsstöðu

Báðar lýsa miklu andlegu álagi sem fylgi lífi í fátækt, ásamt félagslegri einangrun. Arndís segir: „Það sem mér hefur þótt verst við að búa við kröpp kjör, er andlega álagið sem fylgir... fjárhags-áhyggjur eru það ömurlegasta sem er hægt að upplifa í lífinu.“ Arndís upplifir að samfélagslegur

þrýstingur hafi orðið til þess að andleg og líkamleg heilsa var ekki eins góð og hún hefði getað verið: „Ég var alltaf þreytt. Ég var alltaf með áhyggjur, alltaf spennt í öxlum, gnísti rosalega tönnum. Það var alltaf spenna“.

Ebba upplifði þunglyndi og uppburðarleysi vegna fátæktarinnar: „Ef einhver skammaði mann þá tók maður því þannig að þeir ættu rétt á því... maður væri sekur, hvort sem maður var sekur eða ekki.“ Ebba segir vanvirkni fylgja fátækt og félagslegri einangrun og báðar lýsa dögum þar sem þær fóru ekki út. Arndís segir: „Svo verður þetta bara svona vítahringur, þetta vefur upp á sig. Þetta verður vani að vera bara heima, tala við fólk á netinu.“ Öryrkjar sem ekki eru á vinnumarkaði hafa því heldur ekki vinnufélaga til að rjúfa einangrunina og erfitt getur verið að hitta vini sem taka ekki alltaf tillit til fjárhagslegra aðstæðna, t.d. þegar vinahópur ákveði að hittast á veitingastað sem sé eitthvað sem fólk sem býr við fátækt geti ekki leyft sér. Arndís segir: „Það er alveg dauði og djöfull þegar vinkonur vilja hittast. Eigum við að gera þetta? Og fara út að borða? Og þú færð bara kvíða yfir því að fara út á meðal fólks í gömlu lörfunum eða eitthvað.“

Ebba segir vanvirkni fylgja bæði fátæktinni og félagslegu einangruninni. Bæði Arndís og Ebba lýsa því að oft hafi margir dagar liðið milli þess að þær fóru út fyrir hússins dyr. Ebba lýsir því svona: „Og ég man eftir einu tímabili, þau voru nú samt fleiri tímabilin, þar sem ég fór ekki út fyrir dyr í meira en viku. Ég fór ekki út með ruslið, ég sendi krakkann út með ruslið.“ Arndís segir þetta gera slæma ávana verri og henni hafi liðið eins og „heilasellurnar væru að deyja“. Þó fyrir félagslegum aðstæðum verði minna hjá fólki og segir Arndís að lokum verði erfitt að fara í matvöruverslun og eiga samverustundir með fólki. Þó fólk sé hvatt til þátttöku í samfélaginu, vanti raunveruleg tækifæri.

Að leita sér stuðnings og aðstoðar reyndist flókið og dýrt, Arndís hefði viljað fá sálfræðimeðferð en hafði ekki efni á því að kaupa þá þjónustu og bendir á að öryrkjar fá ekki styrki frá stéttarfélögum eins og starfandi fólk. Ebba fékk sálfræðiþjónustu á heilsugæslu og nýtti sér þjónustu prests sem varð mikilvægur stuðningsaðili. Arndís bendir á að öryrkjar hafi eingöngu efni á þeirri þjónustu sem sjúkratryggingar greiða niður og hafi því ekki sama val um þjónustu og aðrir. Hún nefnir sem dæmi að hún þurfti að nýta niðurgreidda þjálfun sem hentaði henni illa og var síst fallin til að efla félagsleg tengsl. Arndís náði nokkuð góðum árangri í endurhæfingu en fór of geyst af stað á vinnumarkaði og heilsubresturinn varð verri fyrir vikið, hún telur eftir á að hyggja að með lengri endurhæfingu, meiri stuðningi og mýkri byrjun á vinnumarkaði hefði hún getað náð að hefja aftur launavinnu.

Í frásögnum Arndísar og Ebbu má sjá hvernig fátæktin skapar fjötra og félagslega einangrun. Andlega álagið, kvíðinn og vanvirkni skapa vítahring og þetta allt hefur neikvæð áhrif á heilsu þeirra. Í sögum þeirra tvinnast saman og magnast upp neikvæð áhrif efnahagslegrar fátæktar, félagslegrar einangrunar, heilsubrests og skorts á viðunandi úrræðum. Greina má hvernig efnahagsleg fátækt takmarkar möguleika á að sækja úrræði og þjónustu við hæfi. Fjárhagsáhyggjurnar eru lamandi afl og þegar það tvinnast saman við fleiri neikvæða áhrifaþætti þá verður endurhæfing, þátttaka og virkni erfiðari en hún hefði þurft að verða. Við þetta bætast kerfislegar hindranir sem viðhalda fátækt og félagslegum vanda.

Stuðningur velferðarkerfis og fjölskyldu

Arndís og Ebba eru sammála um að erfitt sé að sækja rétt sinn innan kerfisins og Arndís bendir á að „gallinn við félagslega kerfið er að maður þarf að vita af því til að geta nýtt sér það.“ Þær lýsa því að hafa oft verið spurðar: „Hvað get ég gert fyrir þig í dag?“ en að hafa ekki haft þekkingu til að geta svarað í samræmi við þau úrræði sem eru í boði. Þær benda einnig á að það sé ekkert sem grípi fólk þegar það fær örorkulífeyri og Arndís bendir á að þegar fólk hefji töku ellilífeyris þá séu í boði námskeið sem fjalli um hvernig sé að hætta að vinna en engin slík fræðsla sé í boði fyrir fólk sem hefur töku örorkulífeyris. Fólk þurfi að finna út úr öllu sjálf og það geti tekið sinn tíma. Ebba var til dæmis ekki upplýst um að hún ætti rétt á ákveðnum bótum frá TR og þurfti að leita liðsinnis lögfræðings til að fá afturvirkar greiðslur.

Ebba segir upplifun sína af velferðarkerfinu einkennast af afskiptaleysi og skorti á hlustun. Hún nefnir sem dæmi að þegar hún fékk úthlutaðri félagslegri leiguíbúð sem reyndist hættulegur staður fyrir börn hennar vegna neyslu nágranna og Félagsbústaðir brugðust við með að bjóða henni nýja íbúð í sama stigagangi. Annað dæmi um skort á skilningi á stöðu þeirra segja þær vera þegar þær fengu aðstoð vegna skólamáltíða barnanna á sínum tíma hafi þær fyrst þurft að greiða fyrir skólamáltíðina og biða svo eftir endurgreiðslu frá sveitarfélaginu sem þær greiddu til. Þær hrósa félagsþjónustunni fyrir stuðning við börn þeirra en segja jafnframt að aðgengi að slíkum úrræðum hafi reynst flókið. Ebba nefnir sem dæmi að dóttir hennar hafi fengið úthlutað stuðningsfjölskyldu úti á landi sem þær voru mjög þakklátar fyrir en svo kom í ljós að hún þurfti að greiða ferðakostnað, „Þú getur líklega sagt þér það sjálfur ef þú færð stuðning frá félagsþjónustunni vegna fátæktar og átt erfitt, þá hefur þú ekki efni á til að senda barn útá land eina helgi í mánuði.“

Annað sem gerir erfitt að sækja stuðning er mikil starfsmannavelta. Ebba segir: „Ég taldi þetta einhver tímamót saman og í nokkur ár þá var ég með nýjan félagsráðgjafa að meðaltali einu sinni til tvisvar á ári.“ Með hverjum nýjum ráðgjafa þurfti að endurtaka söguna og á endanum fannst Ebbu það vera of erfitt og gafst upp á að sækja stuðning. Arndís bendir á mikilvægi þess að félagsráðgjafar hafi svigrúm til að sinna fólki af virðingu og mannúð: „Þá þarf kerfið að virka og það má ekki vera þannig að þú sért ekki með 100 skjólstæðinga þegar að þú getur bara sinnt 20 vel.“ Þær gagnrýna einnig að félagsþjónustan vísi skjólstæðingum til hjálparstofnana en það hafi þær oft upplifað. Þær lýsa því að skerðingar sem verði ef þær hafi atvinnutekjur hindri þær í að láta reyna á þátttöku í atvinnulífi, það sé of erfitt að sitja uppi með bakreikninga ef tilraunin ekki tekst. Arndís segir: „Ég til dæmis er á örorku og ég fæ bara tekjur frá Tryggingastofnun. Ég á engan rétt í lífeyrissjóði. Tryggingastofnun á mig.“

Hvorug hefur fengið mikinn stuðning frá eigin fjölskyldu, önnur er í ágætum samskiptum við sitt fólk og þiggur matarboð hjá foreldrum sem veita einnig minniháttar fjárstuðning en hin fær engan stuðning frá nærumhverfi. Þær lýsa því að þeim hafi reynst erfitt að taka á móti stuðningi, því fylgi alltaf þakkarskuld og það taki á að taka á móti aðstoð frá sínum nánustu.

Mikilvægasta stuðningin fundu þær báðar hjá hjálparstökum, fyrst Mæðrastyrksnefnd, þá Hjálparstarfi kirkjunnar og síðast Pepp grasrót fólks í fátækt og félagslegri einangrun. Þær lýsa því báðar hvernig starfið með þessum stökum hafi rofið félagslega einangrun, skapað ný verkefni og aukið félagslega þátttöku og lífsgæði. Þær lýsa því að jákvætt viðmót starfsfólks þessara samtaka hafi skipt sköpum og segja þær það hafi á tímabilum verið það sem hafi haldið í þeim lífinu. Þær hafi sótt ýmis námskeið á vegum samtakanna sem hafi verið valdeflandi og þátttaka í starfi til dæmis hjá Pepp gert það að verkum að þær eigi auðveldara með að þiggja aðstoð þar sem þær upplifa sig líka vera að gefa til baka í gegnum félagsstarf samtakanna. Þetta starf hafi styrkt tengslanet þeirra og breytt mörgu til hins betra.

Sögur Arndísar og Ebbu varpa skýru ljósi á hvernig þær upplifa mjög takmarkaðan stuðning frá hinu opinbera velferðarkerfi. Þær benda á að það sé flókið og erfitt fyrir fólk í viðkvæmri stöðu að geta nýtt sér öll sín réttindi, það krefjist ákveðinnar þekkingar að geta sótt allt sem í boði sé. Þær ræða einnig báðar um galla kerfisins og ef að t.d. örorkulífeyrir hækki þá lækki húsaleigubætur og fólk sitji eftir á sama stað og að ekki sé svigrúm til að láta reyna á atvinnuþátttöku vegna skerðinga lífeyris. Þá gagnrýna þær báðar að opinbera kerfið vísi á hjálparstök þegar örorkulífeyrir dugi ekki fyrir framfærslu. Þær lýsa því einnig að markvissari sál-félagslegur stuðningur hefði verið mikilvægt hjárgráð og hversu erfitt það hafi reynst þeim að hætta í endurhæfingu og fá örorkumat, þær hefðu viljað fá fræðslu og markvissan stuðning í því ferli. Báðar hafa þær upplifað mjög neikvæð áhrif þess að fá ekki samfellda þjónustu heldur fá ítrekað nýja félagsráðgjafa/ráðgjafa sem hafi kallað á að þær þyrftu sífellt að vera endurtaka sína sögu. Hjálparstök hafa reynst þeim vel og starfið í þeim reynst dýrmætt til að rjúfa félagslega einangrun. Sögur þeirra sýna hvernig úrræði hins opinbera og þriðja geirans tvinnast saman og skapa ýmist hindranir eða tækifæri.

Eigin skömm og annarra

Báðar lýsa mikilli skömm vegna stöðu sinnar, þær bera eigin skömm og upplifa mjög sterkt skömm annarra, ekki síst fjölskyldu. Arndís telur fólk telja að fátækt sé tilkomin vegna skorts á fjármálalæsi og hún segir í kaldhæðni: „Við getum sjálfum okkur um kennt skilurðu, við vorum ekki dugleg að spara, við þurfum að læra fjármálalæsi og við erum vitlaus, skilurðu.“ Báðar hafa þær reynslu af því að vera sendar til fjármálaráðgjafa sem hluta af endurhæfingu, en sú ráðgjöf var langt frá því að nýtast þeim, þar sem verið var að ræða um að leggja fyrir, greiða inn á lán og gera ráðstafanir sem krefjast svigrúms í fjármálum. Arndís og Ebba benda á það sér sérstakt að fá skilaboð um að þær þurfi að læra að halda utan um fjármálin, því að fólk þurfi að vera mjög útsjónarsamt og fara afar vel með til að geta framfleytt fjölskyldu í þeirra stöðu.

Þær upplifa fordóma víða og þeir birtast oftast í því að fólk hefur mjög skýra skoðun á því hvað sé viðeigandi fyrir fólk í þeirra stöðu. Nefna sem dæmi að ef þeim er gefin merkjavara af hjálparsamtökum og fara út í slíkum flíkum þá eiga þær von á athugasemdum um hvort að þær hafi virkilega efni á að ganga í slíkum fötum. Ebba lýsir því að viðhorfið sé að sumt eigi fátækt fólk bara ekki að eiga og einfaldast sé að sleppa því að fara út fyrir rammann til falla að staðalimyndum um fólk sem býr við fátækt. Hún segir: „Ég hef alveg upplifað þessa fordóma í sambandi við að eignast flotta flík og ekki þora að ganga í henni. Ég er hætt því í dag.“ Sama á við um hegðun, ef þær safna t.d. fyrir því að gera eitthvað sérstakt þá eiga þær von á að fá athugasemdir um sínar ákvarðanir. Arndís upplifði til dæmis gagnrýni félagsráðgjafa á þjónustumiðstöð sem gagnrýndi skjólstaðinga fyrir að vilja þiggja inneignarkort í matvöruverslun en fara samt með börn sín í bíó. Þó þær hafi almennt mjög góða reynslu af hjálparstofnunum þá hafa þær einnig upplifað fordóma og skilningsleysi þar. Ebba segist þó mæta mestum fordómum í eigin fjölskyldu sem líti á hana sem aumingja og segir, eftir á að hyggja, foreldra sína hafa í raun verið mjög fátæka, þó hún hafi ekki upplifað það þannig í barnæsku, en að það hafi aldrei komið til greina að þiggja aðstoð, þannig að þau hafi litið á hana sem aumingja fyrir að gera það. Þær lýsa því einnig að fólk sem hafi stigið fram og greint frá lífi sínu í fátækt upplifi oft mikla reiði frá fjölskyldu og það er einnig þeirra reynsla. Þær hafa báðar öðlast meiri skilning og þekkingu á eigin stöðu eftir að hafa sótt námskeið á vegum hjálparsamtaka sem þeim finnst hafa gert þeim kleift að vinna með skömmina og skilja að fátæktin sé ekki þeim að kenna. Ebba segir:

Þannig í seinni tíð og ... eftir því sem maður gerist, meiri „kerfisfræðingur“ að þá hafa hlutirnir lagast. Ég er ekki að segja að ég lifi einhverju glæstu lífi en ef ég horfi til baka frá því þetta var að byrja, þá er ég komin langt frá helvíti, en það var helvíti.

Þær nefna báðar að breytt viðhorf í samfélaginu hafa dregið úr skömm varðandi það að vera ekki í nýjum fötum og að nýta vörur sem séu komnar fram yfir síðasta söludag, nú sé það umhverfisvænt sem áður var talið merki um fátækt, til dæmis að versla á nytjamörkuðum eða að „rusla“.

Arndís og Ebba lýsa allt umlykjandi skömm vegna fátæktarinnar. Þær lýsa eigin skömm, fjölskyldna sinna og samfélagsins. Við skömmina tvinnast svo fordómar sem birtast í skýrum skilaboðum um hvernig fólk sem búi við fátækt geti hegðað sér, félagslegt taumhald er mikið og ramminn er þröngur. Þær greina þó ákveðna breytingu varðandi áherslu að nýta notuð föt með tilkomu nytjamaarkaða og áherslan á umhverfisvænan lífsstíl skapi meira svigrúm. Skömmin veldur þöggun um líf í fátækt og báðar nefndu þær neikvæð viðbrögð fjölskyldna við því að einstaklingar stígi fram og segi frá reynslu sinni. Skömminni er þannig viðhaldið með þögn og fordómum.

Umræða

Sjónarhorn samtvinnunar leggur áherslu samspil áhrifaþátta og hvernig þeir geta magnað hvern annan upp (Crenshaw, 1989; Collins, 2015; Ferrari o.fl., 2017; Westerberg o.fl., 2024). Sjónarhornið hefur einnig reynst notadrjúgt til að öðlast skilning á hvernig best megi mæta fólki með viðeigandi úrræðum og stuðningi, þar sem skilningur á flóknu samspili sálfélagslegra þátta, félagslegrar stöðu

og stuðnings velferðarkerfisins sé forsenda þess (Blaikie o.fl., 2024; Corus o.fl. 2016; Statham, 2022).

Lífssögur kvennanna sem hér var rætt við veita einstaka innsýn í reynslu þeirra af því að lifa í fátækt og hvernig þær hafna í stöðu sem einkennist af valdleysi og skorti á gerendahæfni. Þær greina báðar frá vanrækslu og áföll um í æsku og erfiðum heimilisaðstæðum sem hafi haft áhrif á líðan og möguleika til náms. Í hvorugu tilfellinu kom til stuðningur eða áfallavinna sem hefði mögulega getað dregið úr áhrifum aðstæðna og áfalla í æsku. Konurnar fara báðar ungar í parsambönd og eignast börn, en samböndin einkennast af erfiðleikum og ofbeldi. Ætla má að áhrif áfalla í æsku og í parsamböndum hafi verið margþætt og ljóst að samspil áfalla og veikinda dregur úr möguleikum á að geta stundað launavinnu auk þess sem félagsleg staða hefur áhrif á heilsu (Blaikie o.fl. 2024; Fan o.fl. 2025; Vohra-Gupta o.fl. 2024). Viðmælendur lýsa einnig hvernig áföllin hafa áhrif á sjálfsmyndina sem verður brotin og viðkvæm. Ferðalagið frá fjárhagslegu sjálfstæði til varanlegrar framfærslu örorkulífeyrkerfisins er varðað valdleysi og skorti á gerendahæfni. Þá varpa niðurstöður skýru ljósi á það hvernig fjárhagsáhyggjur höfu áhrif á líðan. Sjórnarhorn samtvinnunar beinir athygli að margfeldisáhrifum áfalla, streitu vegna fjármála og takmarkaðs stuðnings sem tvinnast saman og magna upp heilsubrest og vanlíðan (Statham, 2022; Þorgerður H. Þorvaldsdóttir, 2017).

Ferrari og félagar (2017) benda á hvernig sjórnarhorn samtvinnunar og lífssöguaðferð geta skapað betri skilning á hvernig félagsleg öfl, formgerðir og festi, hafa áhrif á daglegt líf og reynslu fólks. Í sögum viðmælenda má finna mörg dæmi um slíkt samspil og t.d. hvernig velferðarkerfið og hjálparsamtök hafa áhrif á daglegt líf þeirra og líðan. Niðurstöður varpa t.d. ljósi á hvesu mikið áfall það reynist viðmælendum þegar endurhæfingu lýkur og örorkumat er unnið. Í kjölfar þess tekur við mikil félagsleg einangrun, þar sem allri endurhæfingu er hætt þegar örorkulífeyrir tekur við. Á þessum tímamótum er því í raun dregið úr félagslegum stuðningi þegar til hefði þurft að koma sérhæfður stuðningur til að takast á við þau.

Sjórnarhorn samtvinnunar hefur einnig verið beitt í auknum mæli til að varpa ljósi á samspil sjálfsmyndar og félagslegrar stöðu (Statham, 2002). Lífsögur kvennanna lýsa vel áhrifum fátæktar á sjálfsmyndina. Lífið í fátækt gefur lítið rými til ákvarðana um hvernig þær vilja haga eigin lífi, fjárhagurinn setur þeim strangar skorður og flest í þeirra daglega lífi er háð reglum og ákvörðunum annara. Þær upplifa mikla fordóma, sem fela í sér mjög sterkt félagslegt taumhald. Fátæktinni fylgir allt um lykandi skömm og samfélagið setur fátæku fólki mun þrengri ramma en öðrum um hvað telst vera viðeigandi. Valdleysi, vanmáttur og skömm tvinnast saman og hafa margvísleg neikvæð áhrif á líf þeirra og sjálfsmynd. Sjórnarhorn samtvinnunar leggur einnig áherslu á að greina gerendahæfni og mótspyrnu gegn hinum félagslegu öflum (Ferrari o.fl. 2017), sem er í samræmi við reynslu viðmælenda sem báðar hófu þátttöku í starfi á vegum hjálparsamtaka, sem reyndist valdeflandi og vel til þess fallið að efla sjálfsmynd og gerendahæfni. Það er athyglisvert að sjá hvað starf þriðja geirans er mikilvægt í sögu kvennanna og hvernig það verður mótvægi við þann skort á stuðningi sem þær upplifa frá hinu opinbera velferðarkerfi. Hér tvinnast saman úrræði sem eru af mjög ólíkum toga en sögurnar kvennanna sýna fram á mikilvægi þess að stilla saman þau þjónustuúrræði sem í boði eru frá sjórnarhorni notenda, þannig að ekki myndist rof í þjónustukeðjuna þegar mest á reynir. Annað dæmi um samtvinnun þjónustuúrræða eru matargjafir hjálparsamtaka sem reynast viðmælendum lífsbjörg þegar bótagreiðslur hins opinbera duga ekki til framfærslu. Lýsingar viðmælenda á hversu erfitt að það er að biðja um og þiggja slíka aðstoð kallar á frekari umræðu um samspil matargjafa hjálparsamtaka og opinberrar velferðaraðstoðar.

Takmarkanir rannsóknarinnar felast í því að eingöngu voru teknar lífssögur við tvær konur, en fleiri sögur fólks sem býr við aðrar aðstæður myndu varpa skýrar ljósi á fjölbreytta reynslu og áskoranir fólks sem býr við fátækt. Mikilvægt er því að ræða við fjölbreyttan hóp fólks því efla þarf rannsóknir á reynslu fólks af því að lifa við fátækt til að auka skilning á aðstæðum þess. Sérstaklega er mikilvægt í ljósi þess háa hlutfalls þjóðarinnar sem hefur flust til Íslands á liðnum áratugum að slíkar rannsóknir nái að fanga reynslu þeirra, þar sem ljóst er að fólk sem er af erlendu bergi brotið hefur

takmarkaðri óformlegan stuðning og þekkir síður bjargráð sem kunna að vera í boði í nærumhverfi. Þá er einnig líklegt að því mæti enn meiri fordómar en fólki sem hér er fætt.

Þó aðstæður fólks sem býr við langvarandi fátækt séu mismunandi þá má ætla að stórir hópar séu í svipaðri stöðu og viðmælendur, þ.e. hafa orðið fyrir heilsubreysi og stunda meðferð og endurhæfingu árum saman áður en þeir fá örorkumat. Sjónarhorn samtvinnunar varpar ljósi á hversu mikilvægt er að læra af reynslu fólks sem býr við langvarandi fátækt og sögur viðmælenda sýna að mikilvægt er að beita snemmtækum íhlutunum þegar börn verða fyrir áföllum í æsku, en það er einmitt markmið með löggjöf um farsæld barna (lög nr. 86/2021) sem nýlega tók gildi. Sögur viðmælenda sýna að þörf er fyrir langtíma úrræði sem taka mið af samspili félagslegra áskorana, skorti á bjargráðum og slæmri heilsu, þar sem lögð er áhersla á heilsuefingu og félagslega þátttöku, þegar veikindi koma upp sem takmarka vinnugetu. Slík úrræði gætu stuðlað að starfsendurhæfingu en einnig, og ekki síður, skilað þátttakendum betri lífsgæðum. Viðmælendur nefna mikilvægi jafningjastuðnings, og hversu valdeflandi það hafi verið að hitta fólk í sömu stöðu í starfi með hjálparsamtökum. Stuðningur hjálparsamtaka reynist viðmælendum afar mikilvægur til að rjúfa félagslega einangrun og því er mikilvægt að huga vel að samspili þjónustu hjálparsamtaka og hins opinbera velferðarkerfis.

Eitt af markmiðum með endurskoðun löggjafar um örorku- og endurhæfingarlífeyri sem tók gildi 1. september 2025 var að auka hvatningu til þátttöku á vinnumarkaði (lög nr. 100/2007 m.s.b.). Breytingarnar eiga þó einkum við fólk sem fær endurhæfingarlífeyri, frítækjumark örorkulífeyrisþega verður áfram óbreytt en ekki er lögð sérstök áhersla á úrræði fyrir þau sem hafa fengið örorkumat. Lýsingar viðmælenda á því hvernig það að hefja töku örorkulífeyris leiddi til aukinnar félagslegrar einangrunar og vanlíðunar benda til að mikilvægt væri að skoða ávinning af því að bjóða uppá markvissa sál-félagslega ráðgjöf og virkni úrræði fyrir fólk sem hefur töku örorkulífeyris í því skyni að efla lífsgæði þeirra og velsæld. Örorkulífeyrir hefur verið hækkaður skv. hinum nýju lögum, en eins og viðmælendur benda á þá virka slíkar hækkanir oft ekki sem skyldi þar sem t.d. húsnæðisbætur eru tekjutengdar og lækka þá í takti við hækkun lífeyrisgreiðslna.

Samkvæmt niðurstöðu matsskýrslu sem forsætisráðherra lét vinna er áætlaður samfélagslegur kostnaður vegna fátæktar áætlaður á bilinu 1-2.8% af þjóðartekjum (Halldór S. Guðmundsson o.fl., 2023). Það er því til mikils að vinna, bæði fyrir fólk sem býr við fátækt og um leið samfélagið allt, að allra leiða sé leitað til að draga úr fátækt og afleiðingum hennar.

Heimildaskrá

- Anderson, C. og Kirkpatrick, S. (2016). Narrative interviewing. *International Journal of Clinical Pharmacy*, 1(38), 631-634. <https://doi.org/10.1007/s11096-015-0222-0>
- Atewologun, D. (2018). Intersectionality, theory, and practice. *Human Resource Management, Organizational Behaviour, Research Methods, Social Issues*. DOI: 10.1093/acrefore/9780190224851.013.48
- Atkinson, R. (1998). *The life story interview*. Sage.
- Ásdís Aðalbjörg Arnalds og Sindri Baldur Sævarsson. (2022). *Rannsókn á húsnæðismálum fatlaðs fólks*. <https://www.obi.is/wp-content/uploads/2023/03/2022-11-Rannsokn-a-husnaedismalum-fatlads-folks.pdf>
- Ásdís Aðalbjörg Arnalds, Elísabet Karlsdóttir, Heiður Hrunn Jónsdóttir og Vala Jónsdóttir. (2012). *Fjárhagsaðstæður reykviskra barnafjölskyldna*. Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands og Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd. https://skemman.is/bitstream/1946/13564/1/adstaedur_reykvískra_foreldra2012.pdf
- Bixby, L. (2024). Intersectional inequalities: How socioeconomic well-being varies at the intersection of disability, gender, race-ethnicity, and age. *Research in Social Stratification and Mobility*, 91. <https://doi.org/10.1016/j.rssm.2024.100938>
- Bogani Makhanya, M. T. (2024). Perspective chapter: Examining the intersecting connections between intersectionality and socioeconomic inequality. Í A. Klimczuk, og D. A. Dovie, (ritstj.), *Bridging social inequality gaps- concepts, theories, methods, and tools*. DOI: 10.5772/intechopen.1003841
- Blaikie, K., Mooney, S. J., Hill, H. D., Rhew, I. C. & Hajat, A. (2024). Intersectional trends in poor mental health and health inequities across the US. *SSM-Mental Health*, 6. <https://doi.org/10.1016/j.ssmmh.2024.100349>
- Collins, P. H. (2015). Intersectionality's Definitional Dilemmas. *Annual Review of Sociology*, 41,1-20.[doi: 10.1146/annurev-soc-073014-112142](https://doi.org/10.1146/annurev-soc-073014-112142)
- Corus, C., Saatcioglu, B., Kaufman-Sarborough, C., Blocker, C. P. Upadhyaya, S. & Samuelson, A. (2016). Transforming poverty-related policy with intersectionality. *Journal of Public Policy & Marketing*, 35(2), 211-222. DOI: 10.1509/jppm.15.141

- Crenshaw, K. (1989). Demarginalizing the intersection of race and sex: A black feminist critique of antidiscrimination doctrine, feminist theory and antiracist politics. *University of Chicago Legal Forum*, (1), 139-167.
- Denzin, N. K. (1989). *Interpretive biography*. Sage.
- Eurostat. (2025). *Living conditions in Europe - poverty and social exclusion*. https://ec.europa.eu/eurostat/statistics-explained/index.php?title=Living_conditions_in_Europe_-_poverty_and_social_exclusion
- Eurostat. (e.d.). *At risk of poverty threshold*. <https://ec.europa.eu/eurostat/data/database>
- European Parliament. (e.d.). *The fight against poverty, social exclusion, and discrimination*. <https://www.europarl.europa.eu/factsheets/en/sheet/60/the-fight-against-poverty-social-exclusion-and-discrimination>
- Fan, L. & Kang, T. (2025). Early childhood trauma and its long-term impact on cognitive and emotional development: a systematic review and meta-analysis. *Annals of Medicine*, 57(1), 2536199. DOI: 10.1080/07853890.2025.2536199
- Ferrer, I., Grenier, A., Brotman, S., & Koehn, S. (2017). Understanding the experiences of racialized older people through an intersectional life course perspective. *Journal of Aging Studies*, 41, 10–17. DOI: 10.1016/j.jaging.2017.02.001
- Halldór S. Guðmundsson, Herdís Steingrimsdóttir, Kolbeinn H. Stefánsson og Kjartan Ólafsson. (2023). Fátækt og áætl-aður samfélagslegur kostnaður. Skýrsla forsætisráðherra. Stjórnarráð Íslands. DOI:10.13140/RG.2.2.11129.03685
- Healy, K. (2022). *Social work theories in context: Creating frameworks for practice*. MacMillan.
- Hervör Alma Árnadóttir og Soffía Hjördís Ólafsdóttir. (2019). „Við eigum ekkert hús“ Reynsla og upplifun barna af því að búa við fátækt. *Timarit félagsráðgjafa*, 13(1), 13-20. <https://felagsradgjof.is/wp-content/uploads/2022/10/2916-4375-1-PB.pdf>
- Hingley-Jones, H. & Kirwan, G. (2023). Poverty: Social work perspectives. *Journal of Social Work Practice*, 37(2), 131-135. <https://doi.org/10.1080/02650533.2023.2233845>
- Húsnæðis- og mannvirkjastofun. (e.d.). *Vegvisir leigumarkaðar 2025*. <https://hms.is/skyrslur/vegvisir-leigumarkadar-2025>
- Íris Ellenberger. (2016). Lesbía verður til: félagið Íslensk-lesbíska og skörun kynhneigðar og kyngervis í réttindabaráttu á níunda áratug 20. aldar. *Saga: Timarit Sögufélagsins*, 54, (2), 7-52.
- James Rice og Rannveig Traustadóttir. (2011). Fátækt, fötlun og velferð. *Stjórnmal og stjórnsýsla*, 7(2), 387-404. <https://skemman.is/bitstream/1946/10403/3/a.2011.7.2.9.pdf>
- Katrín Blöndal og Sigríður Halldórsdóttir. (2021). Úrtök og úrtaksaðferðir í eigindlegum aðferðum. Í Sigríður Halldórsdóttir (ritstjóri), *Rannsóknir: Handbók í aðferðarfræði* (bls. 191-205). Háskólinn á Akureyri.
- Kristín Björnsdóttir og Ásta Jóhannesdóttir. (2021). Fatlað fólk í hamförum. *Íslenska þjóðfélagið*, 12(1), 72-86.
- Lanford, M. (2019). Making sense of “outsiderness”: How life history informs the college experiences of “nontraditional” students. *Qualitative Inquiry*, 25(5), 500-512. <https://doi.org/10.1177/1077800418817839>
- Lykke, N. (2010). *Feminist studies: A guide to intersectional theory, methodology and writing*. Routledge.
- Lög um almannatryggingar nr. 76/2007 m.s.b.
- Lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna nr. 86/2021.
- Reeves, L. S., Parsell, C. og Liu, S. (2020). Towards a phenomenology of poverty: Defining poverty through the lived experiences of the ‘poor’. *Journal of Sociology*, 56(3), 439-454. <https://doi.org/10.1177/1440783319851204>
- Riessman, C. K. (2008). *Narrative methods for the human sciences*. Sage.
- Saatcioglu, B. og Corus, C. (2014). Poverty and intersectionality: A multidimensional look into the life of the impoverished. *Journal of Macromarketing*, 34(2) 122-132. DOI: 10.1177/0276146713520600 jmk.sagepub.com
- Sosulski, M. R., Buchanan, N. T. og Donnel, C. M. (2010). Life history and narrative analysis: Feminist methodologies contextualizing black women’s experiences with severe mental illness. *Journal of Sociology and Social Welfare*, 37, 29–57. <https://doi.org/10.15453/0191-5096.3534>
- Statham, R. (2022). *Intersectionality: Revealing the realities of poverty and inequality in Scotland*. Poverty and inequality commission.
- Stefán Ólafsson og Guðný Björk Eydal. (2012). Fátækt og fjárhagsþrengingar. Í Guðný Björk Eydal og Stefán Ólafsson (ritstj.) *Þróun velferðarinnar 1988-2008* (bls. 339-366). Félagsvísindastofnun. Stjórnarráð Íslands. (2024). *Stefnuvirlýsing ríkisstjórnar Samfylkingar, Viðreisnar og Flokks fólksins 2024*. <https://www.stjornarradid.is/rikisstjorn/stjornarsattmali/>
- Varða. (2023). Staða fatlaðs fólks á Íslandi. https://www.rannvinn.is/_files/ugd/61b738_7fd8a5d39b6a4f658cb9c14cd87d2c82.pdf
- Varða. (2024). Staða launafólks á Íslandi. https://www.rannvinn.is/_files/ugd/61b738_83957a23b0a7423e86439aeacfa73cc9.pdf
- Vohra-Gupta, S., Petrucci, L., Jones, C. & Cubbin, C. (2024). An intersectional approach to understanding barriers to healthcare for women. *Journal of Community Health*, 48, 89-98. <https://doi.org/10.1007/s10900-022-01147-8>
- Westberg Wilkinson, D., Syed, M., Loyd Brittan, A. & Dunlop, W. (2024). Using intersectionality to understand how structural domains are embedded in life narratives. *J Pers.* 93(4), 913–928. doi: 10.1111/jopy.12984
- Whelan, J. (2023). Hidden in statistics? On the lived experience of poverty. *Journal of Social Work Practice*, 37, 137-151. <https://doi.org/10.1080/02650533.2022.209709>
- Þorgerður Þorvaldsdóttir. (2014). Jafnrétti fyrir alla. Eitt markmið, ólíkar leiðir. Í Annadís Gréta Rüdólfssdóttir, Guðni Elíasson, Ingólfur Ásgeir Jóhannesson og Irma Erlingsdóttir (ritstj.) *Fléttur III: Jafnrétti menning samfélag* (bls. 285-309). Rannsóknarstofnun í jafnréttisfræðum og Háskólaútgáfan.
- Þorgerður Þorvaldsdóttir. (2017). Því miður eruð þér ekki á kjörskrá. *Saga, tímarit sögufélagsins*, 55(1), 74-112.